

Mánudaginn 19. febrúar 1979.

Nr. 22/1977. **Helgi Guðmundsson**
Guðmundur Sigurðsson og
Pórarinn Andrewsson
 (Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
 gegn
Steinþóri Ingvarssyni
 (Björgvin Sigurðsson hrl.).

Verksamningur. Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1977. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stjórn Verkamannabústaða Hafnarfjarðar bauð 1973 út smíði hússins Sléttahrauns 24-26. Í útboðslýsingu er verðbótaákvæði (1-12), sem lýst er í héraðsdómi. Áfrýjandinn Helgi Guðmundsson gerði tilboð í verkið 24. júlí s. á., en hinir áfrýjendurnir tveir tóku ásamt honum að sér verkið með samningi við verkkaupa 25. september s. á. Áður en tilboð var gert í verkið, ræddust áfrýjendur og stefndi við. Afhentu þeir stefnda útboðslýsinguna. Ágreiningslaust er, að stefndi afhenti áfrýjendum skriflegt tilboð, en aðilja skilur á um, hvers efnis það skjal hafi verið. Stefndi hefur lagt fram skjal, sem hann kveður vera samrit þessa tilboðs síns. Þar segir m. a., að tilboðið sé gert „samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins“, þ. e. samkvæmt framangreindri útboðs- og verklýsingu.

Í máli þessu verður að byggja á því, að skjal það, sem stefndi hefur lagt fram, sé samrit þess tilboðs, sem hann afhenti áfrýjendum sumarið 1972. Ágreiningslaust er, að ekki

var sérstaklega vikið að verðbótum í samtölum aðilja um tilboð stefnda. Áfrýjendum hlaut að vera ljóst, að tilboð stefnda, sem varð grundvöllur að samningi þeirra, var reist á verðbótarákvæðinu í útboðslýsingunni. Fólst því réttur til verðbóta samkv. útboðslýsingu í samningi málsaðilja. Aðiljar eru á einu máli um, að krafa stefnda sé reiknuð í samræmi við verðbótarákvæðið.

Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga verður að skýra svo, að þau ógildi ekki verðbótaákvæðið í samningi málsaðilja, sbr. dóm Hæstaréttar 12. janúar 1978 í hæstaréttarmálinu nr. 150/1975.

Með vísan til þess, sem að framan er ritað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 180.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjendur, Helgi Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson, greiði stefnda, Steinþóri Ingvarssyni, 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1976.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. október sl., höfðaði Steinþór Ingvarsson pípulagningameistari, Ásgarði 157, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri fyrir Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, gegn Helga Guðmundssyni, Kambsvegi 18, Reykjavík, Guðmundi Sigurðssyni, Miklubraut 16, Reykjavík, og Þórnari Andrewssyni, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, til greiðslu, in solidum, skuldar að fjárhæð kr. 809.735 ásamt 1.5% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 1.084 frá 12. september til 28. september 1973, af kr. 2.139 frá 28. september til 3. október 1973, af kr. 3.722 frá þeim tíma til 3. desember

1973, af kr. 63.042 frá þeim tíma til 7. mars 1974, af kr. 107.922 frá þeim tíma til 15. mars 1974, af kr. 248.670 frá þeim tíma til 24. apríl 1974, af kr. 313.390 frá þeim tíma til 3. maí 1974, af kr. 376.066 frá þeim tíma til 9. maí 1974, af kr. 427.432 frá þeim tíma til 21. maí 1974, af kr. 459.320 frá þeim tíma til 15. júlí 1974 og 2% vanskilavöxtum á sama hátt af kr. 459.320 frá þeim tíma til 31. október 1974, af kr. 609.634 frá þeim tíma til 26. nóvember 1974, af kr. 684.550 frá þeim tíma til 20. desember 1974, af kr. 735.494 frá þeim tíma til 30. desember 1974, af kr. 767.790 frá þeim tíma til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi, að stefndu afhendi honum að viðlögðum dagsektum tryggingarvixil að fjárhæð kr. 270.000, samþykktan af stefnanda, og loks krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ af höfuðstól og vöxtum og einnig af vixilupp-hæðinni.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu gegn afhendingu á tryggingarvixli að fjárhæð kr. 270.000, samþykktum af stefnanda, enda gefi stefnandi kvittun fyrir honum. Þá er og krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda samkvæmt reikningi eða eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann félli frá kröfu um afhendingu á tryggingarvixli, samþykktum af stefnda, að fjárhæð kr. 270.000, enda hefði lögmaðurinn þegar veitt vixlinum viðtöku gegn kvittun.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með samningi, dags. 25. september 1973, hafi stefndu tekið að sér að reisa og fullgera úti og inni undir tréverk og málningu fjölbýlishúsið Sléttahraun 24-26, Hafnarfirði. Stefnandi tók að sér sem undirverktaki að annast pípulagnir í húsi þessu. Áður en stefnandi gerði stefndu tilboð í verkið, fékk hann í hendur frá stefndu útboðs- og vinnulýsingu á dskj. nr. 20, en þar segir svo á bls. 7 undir 1-12:

„Greiðslur verða inntar af hendi til verktaka samkvæmt ákvæðum í verksamningi, jafnóðum og tilteknum byggingar-áföngum lýkur, þó þannig, að sammingsbundin greiðsla hækkar eða lækkar, er nemur hlutfalls breytingu á byggingarvísitölu

Hagstofu Íslands, sem reiknuð er út á fjögurra mánaða fresti. Gera skal ráð fyrir, að byggingarvísitala breytist jafnt (línulega) milli gildistökudaga byggingarvísitölunnar, sem eru 1. marz, 1. júlí og 1. nóv. ár hvert. Samningsupphæð miðast við grunntöluna „N“, sem er byggingarvísitala Hagstofu Íslands, sem út verður gefin í júlí 1973.

Verðbreytingar á verksamningslið skulu miðast við þann tíma, sem verkliður er unninn á, enda sé sá tími innan ramma verkáætlunar um verkið. Nú lýkur verktaki ekki verklið eða verkinu í heild á tilskildum tíma, og á hann þá ekki rétt á hærri verðbótum en svarar til byggingarvísitölu á þeim tíma, er verklið eða verkinu í heild skyldi lokið samkvæmt verkáætlun m. t. t. framlengingar á skilafresti vegna lögmætra tafa, sbr. ÍST 30-24, Frestir, févítí.

Verðbætur á lokagreiðslu (5% af tilboðsfjárhæð), skal reikna út sem vegið meðaltal verðbóta á aðra verksamningsliði, þ. e. a. s.:

$$V_1 = \frac{V}{(S \div G_1)} \cdot G_1$$

V_1 : Verðbætur á lokagreiðslu.

V : Summa verðbóta á aðra verksamningsliði en lokagreiðslu.

G_1 : Lokagreiðsla verksamnings.

S : Samningsupphæð.“

Á sama dómsskjali segir svo undir lið 1-13:

„Áður en skriflegur verksamningur verður undirritaður, skal verktaki setja bankatryggingu fyrir því, að hann efni skyldur sínar skv. samningum, 10% af samningsupphæð. Bankaábyrgð þessi skal standa í 12 mánuði frá lokaúttekt verksins.“

Stefnandi afhenti stefndu tryggingarvixil að fjárhæð kr. 270.000, þá er stefndu samþykktu tilboð hans.

Stefndu fengu umsamdar vísitölubætur á verkið.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um greiðslu vísitölubóta samkvæmt ákvæðum í útboðs- og vinnulýsingu á dskj. nr. 20.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Það kom fram hjá stefnanda, að hann hafi, þá er hann gerði stefndu tilboð um verkið, afhent stefndu tilboð samhljóða dskj. nr. 3, en það er svohljóðandi:

„Tilboð í Verkamannabústaði Hafnarfirði. Sambýlishús að Sléttahrauni 24-26. Samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins:

| | | |
|------------------|-----|--------------|
| Frárennslislögn, | kr. | 75.000.00 |
| Neyslúvatnslögn, | — | 1.383.000.00 |
| Hitalögn, | — | 1.413.000.00 |

Alls: kr. 2.871.000.00

Reykjavík, 20. júlí 1973,
Steinþór Ingvarsson,
pípul.m.
sími: 35444.“

Tilboð þetta kvaðst stefnandi hafa afhent stefndu, en samkomulag hafi orðið með málsaðiljum um, að stefnandi lækkaði tilboð sitt um 4%. Stefnandi kvaðst síðan hafa samþykkt tryggingarvixil að fjárhæð kr. 270.000 og afhent stefndu. Stefnandi kvaðst hafa átt að fá tryggingarvixil þennan, þegar verkið væri tekið út eða eftir þrjá mánuði. Ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar og ekki hafi verið rætt um vísitölubætur. Stefnandi kvaðst hafa gengið út frá því sem vísu, að tilboðið og verk- og útboðslýsingin giltu.

Fram kom hjá stefnda Helga Guðmundssyni, að þeir stefndu hefðu beðið stefnanda að gera fast tilboð í pípulögn. Stefnandi hafi látið stefndu hafa blað með tilboðsupphæð, kr. 2.7 milljónir. Stefnda Helga var hér fyrir dómi sýnt dskj. nr. 3, og var hann spurður um, hvort hann myndi eftir svona tilboði frá stefnanda. Stefndi Helgi kvaðst muna eftir heildartölu í verkið og eitthvað hafi farið þeirra á milli, hvernig skiptingin væri. Stefndi Helgi kvaðst ekki muna, hvort stefnandi hefði skrifað á blað, hvernig skiptingin væri milli liða. Ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar og ekki hafi verið fjallað um vísitölubætur. Ekkert hafi heldur verið rætt um, að stefnandi afsalaði sér vísitölubótum. Plagg eins og dskj. nr. 3 hafi stefnandi ekki látið stefndu hafa. Stefndi Helgi kvaðst ekki fullyrða með tölurnar, en taldi töluna ekki rétta og kvaðst ekki muna eftir annarri tölu en 2.7 milljónum. Vixillinn að fjárhæð kr. 270.000 hafi verið trygging fyrir tilboðinu, sem stefnandi hafi látið stefndu hafa, og talað hafi verið um 10% af tilboðsupphæðinni. Helgi kvað stefndu ekki eiga blaðið með tilboðinu frá stefnanda. Stefnanda hafi borið að vinna sitt verk innan þeirra tímamarka, sem greind eru í útboðs- og vinnulýsingu. Greiðslur hafi stefnandi átt að fá eftir því sem verkið væri unnið.

Fram kom hjá stefnda Þórarni, að stefnandi hafi gert fast til-

boð í pípulögnina og þeir stefndu hafi samþykkt tilboðið. Fjárhæð tilboðsins hafi verið 2.7 milljónir. Ekki kvaðst stefndi Þórarinn muna eftir því, að stefnandi hafi fyrst gert tilboð upp á hærri fjárhæð. Tilboðið hafi verið skriflegt og hafi stefnandi lagt þarna fram tryggingarvixil, 10% af upphæðinni. Ekki hafi verið minnst á vísitölubætur. Tilboðsblaðið taldi stefndi Þórarinn tapað. Stefndu hafi fengið vísitölubætur á verkið í heild. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við stefnanda. Stefnandi hafi fengið í hendur verklýsingu og hafi hann átt að haga framkvæmdahraða sínum í samræmi við verklýsinguna. Greiðslur hafi verið inntar af hendi eftir því, hvornig verkið gekk.

Fram kom hjá stefnda Guðmundi, að þeir stefndu hefðu beðið stefnanda að gera fast tilboð í þann verkhluta, sem féll undir pípulagningar. Stefnandi hafi fengið í hendur útboðs- og vinnulýsingu. Tilboð stefnanda hafi verið venjulegt pappírsgagn í einni tölu. Stefnandi sagði, að það, sem hann myndi, þá hafi tilboð stefnanda verið fjórar eða fimm línur og ein tala. Fjárhæðin hafi verið sem næst 2.7 milljónum. Stefnandi Guðmundur kvaðst ekki muna eftir því, að stefnandi hafi gert tilboð að fjárhæð 2.871 milljón, en það hafi þá verið munnlega, en það, sem hann hafi séð frá stefnanda, hafi verið upp á 2.7 og kannske einhverjar krónur. Samningar hafi verið munnlegir. Stefndu hafi fengið þetta blað frá stefnanda, en það hafi ekki verið skrifað undir neitt, nema stefndu fengu vixil frá stefnanda. Stefndu hafi haldið eftir tilboðsblaði stefnanda. Ekkert hafi verið minnst á vísitölubætur. Vixillinn hafi verið ætlaður fyrst og fremst til staðfestingar því, að málsaðiljar hefðu gert einhvern samning.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi gert stefndu tilboð, dags. 20. júlí 1973, um að leggja frárennslislögn, neysluvatnslögn og hitalögn í hús Verkamannabústaða Hafnarfjarðar nr. 24-26 við Sléttahraun. Það tilboð telur stefnandi stefndu hafa samþykkt með þeirri breytingu, að tilboðsupphæðin hafi verið lækkuð úr kr. 2.871.000 í kr. 2.700.000. Stefnandi hafi þá afhent stefndu tryggingarvixil, samþykktan af stefnanda, að upphæð kr. 270.000.

Stefnandi hafi lokið verkinu og það hafi verið tekið út af tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins 8. janúar 1975.

Á samningsupphæðina kr. 2.700.000, sem hafi verið grunngjald, hafi átt að koma uppþót vegna verðbreytinga, eins og

segi í útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, en sú lýsing hafi verið hluti af tilboði hans frá 20. júlí 1973 samkvæmt tilvitnun í þá lýsingu í tilboðinu.

Stefndu hafi fengið hina umstefndu upphæð úr hendi verkkaupa, en þrátt fyrir það neiti stefndu að greiða stefnanda verðlagsbæturnar.

Í tilboði stefnanda á dskj. nr. 3 sé vitnað til útboðs- og vinnulýsingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins um verkið og séu skilmálar þeir, er þar greinir, orðnir hluti af tilboðinu og eftir samþykki þess hluti af verksamningi málsaðilja. Á dskj. nr. 4 sjáist ákvæði um verðlagsbætur samkvæmt byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Hliðstæð tilboðsákvæði séu á dskj. nr. 5, sem sé tilboð Helga Guðmundssonar í heildarverkið. Stefndu Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson hafi síðar gerst aðiljar að tilboði Helga Guðmundssonar. Eins og fram komi á dskj. nr. 8, hafi stefndu fengið verðlagsbætur greiddar að fullu, þar með talið á „pípulagnir og allt þar að lútandi“, eins og segi í þessu vottorði frá stjórn Verkamannabústaðanna í Hafnarfirði. Það séu þessar verðlagsbætur vegna pípulagninganna, sem stefnt sé út af í máli þessu, þar sem stefndu hafi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki verið fáanlegir til að greiða stefnanda þær. Á dskj. nr. 10 sé viðurkenning stefndu á, að tilboð stefnanda á dskj. nr. 3 sé grundvöllur réttarsambands málsaðilja. Á dskj. nr. 11 sé sundurliðun á stefnukröfunni.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að augljóst væri, að tilboð stefnanda á dskj. nr. 3 vísi til útboðs- og vinnulýsingarinnar á dskj. nr. 20 og þar af leiðandi verði ákvæði útboðs- og vinnulýsingarinnar, sem við geti átt, hluti af tilboði stefnanda. Þess vegna sé samningsfjárhæðin kr. 2.700.000 vísitölutryggð.

Lög nr. 71 frá 1966 nái ekki til verksamninga, enda geri hið opinbera, bæði ríki og Reykjavíkurborg, verksamninga almennt þannig, að þar séu verðtryggingarákvæði. Í tilviki því, sem hér sé um að ræða, hafi verðbætur verið greiddar til stefndu, þannig að þær séu þá komnar út í verðlag.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ákvæði um verðlagsbætur samkvæmt byggingarvísitölu í útboðslýsingu, sem sé GRUNDVÖLLUR verksamningsins við stefndu, eigi ekki að taka til stefnanda. Í þessu sambandi benda stefndu á, að sem aðalverktakar beri þeir fulla bótaábyrgð á verki stefnanda og hafi þeir haft af honum beinan kostnað. Engin lögskipti séu milli

stefnanda og eigenda bygginganna og geti því tilvísun stefnanda til útboðsins aðeins tekið til verklýsingarinnar, eins og fram komi í tilboði hans sjálfs. Þar sé gert tilboð í ákveðnum fjárhæðum og engin krafa eða fyrirvari gerður um verðlagsbætur vegna breyttrar byggingarvísitölu, enda slíkur áskilnaður óheimill samkvæmt 1. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966.

Varðandi kröfu stefnanda um að fá afhentan tryggingarvixil að fjárhæð kr. 270.000 þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnanda hafi verið það frjálst að sækja vixilinn, hvenær sem var eftir að úttekt verksins hefði farið fram og þá gegn kvittun fyrir móttöku hans. Vixill þessi hafi að vísu verið tekinn sem trygging formsins vegna, sem viðurkenning stefnanda á ábyrgð hans á efnudum sínum gagnvart stefndu og jafnframt sem sönnunargagn fyrir sammingsupphæðinni milli stefnanda og stefndu.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi gefið stefndu fast tilboð að fjárhæð 2.7 milljónir án vísitölubóta. Því var mótmælt, að stefnandi hafi gefið stefndu tilboð samhljóða dskj. nr. 3. Aðiljar málsins væru sammála um, að ekki hefði verið rætt um vísitölubætur við sammingsgerð. Bls. 7 á dskj. nr. 20 eigi ekki við undirverktaka, heldur einungis við stefndu. Ekkert réttarsamband sé á milli stefnanda og verkkaupa. Stefnandi sé bundinn gagnvart stefndu um verklega framkvæmd þess verks, sem stefnandi tók að sér. Stefndu beri ábyrgð gagnvart verkkaupa, en stefnandi gagnvart stefndu, sbr. íslenskur staðall, dskj. nr. 21, bls. 10.

Samkvæmt dskj. nr. 11 virðast vísitölubætur vera reiknaðar af hverri greiðslu, þegar greiðsla er innt af hendi. Í samningi sé miðað við vísitölubætur á þeim tíma, sem verkið er unnið. Af hálfu stefndu er ekki vefengt, að línuleg vísitala sé rétt reiknuð.

Stefndu hafi lagt fram bankaábyrgð gagnvart verkkaupa, 10% af sammingsfjárhæð. Stefnandi hafi lagt fram tryggingarvixil, 10% af sammingsfjárhæð. Óheimilt hafi verið fyrir málsaðilja að semja um vísitölubætur skv. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966.

IV.

Áður en mál þetta var munnlega flutt, lýstu lögmenn aðilja yfir því, að lögmaður stefndu hefði afhent lögmanni stefnanda tryggingarvixil að fjárhæð kr. 270.000 og að lögmaður stefnanda hefði afhent lögmanni stefndu kvittun fyrir móttöku vixilsins.

Lögmennirnir lýstu því yfir, að umsamin greiðsla að fjárhæð

kr. 2.700.000 hafi verið greidd stefnanda. Mál þetta sé einungis höfðað til greiðslu verðbóta samkvæmt byggingarvísitölu og vaxta. Tölulega er fjárhæð stefnukröfu ekki vefengd.

Við niðurstöðu máls þessa verður við það miðað, að tilboð það, sem stefnandi afhenti stefndu, hafi verið samhljóða tilboðinu á dskj. nr. 3, enda hafa stefndu viðurkennt að hafa fengið í hendur tilboð frá stefnanda, en þeir hafi ekki lagt það fram.

Eins og að framan er rakið, segir í tilboði stefnanda, að það sé samkvæmt útboðs- og vinnulýsingu Húsnæðismálastofnunar ríkisins, það er útboðs- og vinnulýsing á dskj. nr. 20, hún er gerð af Innkaupastofnun ríkisins. Hluti af útboðs- og vinnulýsingu þessari er íslenskur staðall, ÍST 30. Í honum er gert ráð fyrir, að greiðslur geti verið háðar verðbreytingum. Ekkert er fram komið um það, að í samningum málsaðilja hafi verið vikið frá ákvæðum útboðs- og vinnulýsingarinnar, sem varð grundvöllur verk-samnings stefndu við verkkaupa. Það, sem fram er komið um samninga málsaðilja, virðist fylgja ákvæðum verksamnings stefndu við verkkaupa, t. d. skyldi stefnandi haga verkframkvæmd sinni í samræmi við verkframkvæmd stefndu, stefndu settu verkkaupa tryggingu, 10% af umsömdu endurgjaldi fyrir verkið, og stefnandi afhenti stefndu tryggingarvixil að fjárhæð 10% af umsömdu endurgjaldi fyrir verkhluta sinn.

Þegar til þess er litið, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi hafa mátt reikna með, að ákvæði útboðs- og vinnulýsingar ættu við hann, nema annað væri tiltekið. Málsaðiljar eru sammála um, að ekki hafi verið fjallað um vísitölu-bætur á verk stefnanda við samningsgerð málsaðilja.

Í lögum nr. 71 frá 1966 er ekki fjallað sérstaklega um verk-samninga. Í greinargerð laganna kemur fram, að frumvarpinu sé ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum. Í flestum verksamningum munu laun vera töluverður liður.

Þegar lög nr. 71 frá 1966 voru sett, voru í gildi lög nr. 4 frá 1962, en samkvæmt þeim skyldi Iðnaðarmálastofnun Íslands annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenskra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur. Með lögum nr. 31 frá 1971 voru felld úr gildi lög nr. 4 frá 1962, en samkvæmt 1. gr. 7. tl., þeirra laga skal verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands vera að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála. Með bréfi, dags. 7. mars 1967, fól iðnaðarmálaráðuneyti

Iðnaðarmálastofnun Íslands að annast undirbúning og útgáfu staðalsins ÍST 30 í samstarfi við þá helstu aðilja, sem mál þetta snertir, og samkvæmt þeim reglum, sem tíðkast hjá stofnuninni um setningu staðla. Íslenskur staðall, ÍST 30, tók gildi í apríl 1969. Í 4. kafla staðalsins er fjallað um útboðsgögn, í 4.1.1. er talið upp það, sem greina skal í útboðslýsingu, þar á meðal er talið, hvort fjárhæð tilboðs skuli háð verðbreytingum og þá með hverjum hætti. Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þykir það gefa til kynna, að lögunum nr. 71 frá 1966 hafi ekki verið ætlað að taka til verksamninga. Hér er og á það að líta, að hið opinbera gerir og hefur gert verksamninga með vísitölu-ákvæðum. Ekki er fram komið, að leitað hafi verið heimildar Seðlabanka Íslands til slíkra verðtrygginga.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnanda bera vísitölubætur á verk það, sem hann vann fyrir stefndu, enda hafa stefndu viðurkennt að hafa veitt móttöku vísitölubótum á allt verkið, sem þeir unnu fyrir verkkaupa, þ. á m. verkhluta stefnanda, þannig að þær verðbætur eru komnar út í verðlag.

Hvorki hefur verið sýnt fram á, að dagsetningar þær, sem stefnandi miðar kröfur sínar við, sbr. dskj. nr. 11, séu aðrar en þegar stefnandi skilaði hinum ýmsu verkliðum sínum né að stefnandi hafi ekki lokið verki sínu á tilskildum tíma. Verða útreikningar stefnanda því lagðir til grundvallar, enda eru þeir ekki tölulega vefengdir.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast 9% ársvextir frá 12. september 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags og reiknast þannig: af kr. 1.084 frá 12. september 1973 til 28. s. m., af kr. 2.139 frá þeim degi til 3. okt. 1973, af kr. 3.722 frá þeim degi til 13. des. 1973, af kr. 63.042 frá þeim degi til 7. mars 1974, af kr. 107.922 frá þeim degi til 15. s. m., af kr. 154.870 frá þeim degi til 25. s. m., af kr. 248.670 frá þeim degi til 24. apríl 1974, af kr. 313.390 frá þeim degi til 3. maí 1974, af kr. 376.066 frá þeim degi til 9. s. m., af kr. 427.432 frá þeim degi til 21. s. m., af kr. 459.320 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til 31. október 1974 af kr. 609.634 frá þeim degi til 26. nóvember 1974, af kr. 684.550 frá þeim degi til 20. desember 1974, af kr. 734.494 frá þeim degi til 30. desember 1974, af kr. 767.790 frá þeim degi til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 150.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Guðmundsson, Guðmundur Sigurðsson og Þórarinn Andrewsson, greiði in solidum stefnanda, Steinþóri Ingvarssyni, kr. 809.735 með 9% ársvöxtum af kr. 1.084 frá 12. september 1973 til 28. s. m., en af kr. 2.139 frá þeim degi til 3. október 1973, en af kr. 3.722 frá þeim degi til 13. desember 1973, en af kr. 63.042 frá þeim degi til 7. mars 1974, en af kr. 107.922 frá þeim degi til 15. s. m., en af kr. 154.870 frá þeim degi til 25. s. m., en af kr. 248.670 frá þeim degi til 24. apríl 1974, en af kr. 313.390 frá þeim degi til 3. maí 1974, en af kr. 376.066 frá þeim degi til 9. s. m., en af kr. 427.432 frá þeim degi til 21. s. m., en af kr. 459.320 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1974, en af kr. 609.634 frá þeim degi til 26. nóvember 1974, en af kr. 684.550 frá þeim degi til 20. desember 1974, en af kr. 734.494 frá þeim degi til 30. s. m., en af kr. 767.790 frá þeim degi til 4. mars 1975 og af kr. 809.735 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
